

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 4. janúar 2023

Mál nr. E-652/2022:

**Fanndalslagnir ehf.,**  
**Jón Fanndal Bjarnþórsson**  
**og**  
**Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir**  
(Ásta Björk Eiríksdóttir lögmaður)  
**gegn**  
**Grindavíkurbæ**  
(Sigurgeir Valsson lögmaður)  
**og**  
**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**  
(Guðrún Lilja Sigurðardóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 25. mars 2022 og dómtekið 24. nóvember 2022.

Stefnendur eru Fanndalslagnir ehf., kt. [...], Jón Fanndal Bjarnþórsson, kt. [...], og Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir, kt. [...], Austurvegi 22, 240 Grindavík.

Stefndu eru Grindavíkurbær, kt. [...], Víkurbraut 62, 240 Grindavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. [...], Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda Fanndalslagna ehf. eru þær að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða stefnanda 2.657.174 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 2.039.285 krónum frá 4. júní 2021 til 16. júlí 2021 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til 19. september 2021 en frá þeim degi með dráttavöxtum af 2.657.174 krónum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, allt til greiðsludags. Til vara er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda Grindavíkurbæjar vegna munatjóns sem stefnandi varð fyrir vegna sandfoks af bílaplani fyrir framan íþróttamiðstöðina Hópið, á árunum 2012 til 2019. Til vara er þess enn fremur krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefnda Grindavíkurbæjar hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna munatjóns sem stefnandi varð fyrir vegna sandfoks af bílaplani fyrir framan íþróttamiðstöðina Hópið á árunum 2012 til 2019.

Dómkröfur stefnenda Jóns Fanndals Bjarnþórssonar og Ingibjargar Marínar Björgvinsdóttur eru þær að þau krefjast þess sameiginlega að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða þeim 29.386.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 24. október 2019 til 4. júní 2021 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga allt til greiðsludags. Til vara er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda Grindavíkurbæjar vegna tjóns sem stefnendur Jón Fanndal Bjarnþórsson og Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir urðu fyrir vegna sandfoks af bílaplani fyrir framan íþróttamiðstöðina Hópið, á árunum 2012 til 2019. Til vara er þess enn fremur krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefnda Grindavíkurbæjar hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna tjóns sem stefnendur Jón Fanndal Bjarnþórsson og Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir urðu fyrir vegna sandfoks af bílaplani fyrir framan íþróttamiðstöðina Hópið, á árunum 2012 til 2019. Enn fremur er þess krafist að stefndu verði sameiginlega gert að greiða stefnendum Jóni Fanndal Bjarnþórssyni og Ingibjörgu Marín Björgvinsdóttur miskabætur að álitum.

Þá er þess krafist að stefnendum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefndu in solidum að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Grindavíkurbæjar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess að honum verði dæmdur málskostnaður sameiginlega úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. eru þær að krafist er sýknu af kröfum stefnenda og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda að mati dómsins. Stefndi krefst þess til vara að dómkröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

#### Málsatvik og sönnunarfærsla:

Stefnendur Jón Fanndal Bjarnþórsson og Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir eru eigendur fasteignarinnar að Austurvegi 22 í Grindavík. Stefndi Fanndalslagnir ehf. er félag í eigu stefnanda Jóns Fanndals og skráð með aðsetur að Austurvegi 22.

Haustið 2008 var tekið í notkun fjölnota knattspyrnuhús í Grindavík, nefnt Hópið, á svæði sem áður var tjaldsvæði bæjarins, en framkvæmdir höfðu hafist á árinu 2006. Á milli húss stefnenda og Hópsins liggur Austurvegur, og norðan Austurvegar og sunnan

Hópsins er bílastæði sem rúmar 122 bíla og þrjár langferðabifreiðar, ætlað iðkendum knattspyrnuhússins, sem og íþróttavalla sem standa austan og vestan við Hópið. Hús stefnenda er sunnan Austurvegar, u.þ.b. fyrir miðju bílastæðinu.

Með bréfi stefnenda Jóns og Ingibjargar, dagsettu 6. ágúst 2015, sent stefnda Grindavíkurbæ, var vísað til þess að ekki hafi verið farið eftir byggingarreglugerð um frágang bílastæðisins, þar sem malbikun þess hefði ekki farið fram. Nánar segir í bréfinu: „Við íbúar Austurvegar 22 höfum orðið nú þegar fyrir eignatjóni á gluggum, gleri í gluggum, bifreiðar í okkar eigu og fyrirtækis okkar hafa orðið fyrir sandblæstri ...“ Þá hafi viðhald húss og heimilisþrif jafnframt orðið margfalt tíðari, enda oft þakið sandi. Var þess óskað að malbikun yrði flýtt, að öðrum kosti yrði höfðað mál og búið væri að kynna lögfræðingi málið og taka myndir af skemmdum.

Með bréfi stefnda Grindavíkurbæjar 19. ágúst 2015 var vísað til fyrri afgreiðslu bæjarráðs um að lokafrágangur á bílastæðinu yrði á árinu 2018, en málið yrði tekið til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2016-2019. Nánar segir að í kjölfar ábendinga stefnenda á árinu 2013 hafi verið lagt nýtt malarlag yfir bílastæðið og malarsvæðið við enda knattspyrnuvallarins graslagt. Við það hafi dregið verulega úr foki. Í þurrkatíð í sumar hefði fokið meira úr mölinni, en Grindavíkurbær myndi gæta að því að binda það fok eftir því sem kostur væri í næstu þurrkatíð.

Það næsta sem upplýst er í málinu er að þann 4. júní 2019 sendir starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins tölvupóst til bæjarstjóra Grindavíkur, þar sem fram kemur að embættið hafi mótttekið kvörtun frá íbúa á Austurvegi, um að laus mól fyki í norðanáttum yfir heimili hans með tilheyrandi óþægindum og þá hafi sami einstaklingur talið að tjón hefði orðið á eignum hans. Mat heilbrigðiseftirlitið kvörtunina réttmæta. Í svarpósti frá bæjarstjóra til heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að fyrir liggi samþykki bæjarráðs um að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að útbúa útboðsgögn vegna frágangs og malbikunar bílastæðisins. „Í þurrkatíðinni að undanförunu hefur verið reynt að koma í veg fyrir sandfjúk með því að bleyta svæðið.“

Með bréfi lögmanns stefnenda 13. ágúst 2019 til stefnda Grindavíkurbæjar, var óskað eftir afstöðu til bótaskyldu vegna tjóns vegna sandfoks frá bílastæðinu sem tengdist vanrækslu stefnda. Um þá vanrækslu var vísað til 8. mgr. gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, um að frágangur bílastæða skuli vera með þeim hætti að yfirborð þeirra þoli álag sem þar verður. Þá var vísað til ákvæða 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, um að eigandi eða umráðamaður mannvirkis skuli halda

eigninni hreinni og snyrtilægri þannig að það valdi ekki öðrum ónáði. Í lok bréfsins er farið fram á það að stefndi Grindavíkurbær viðurkenni bótaskyldu vegna tjóns stefnenda og að upplýst verði um það hvort Grindavíkurbær hefði ábyrgðartryggingu og þá hvar. Þá var þess óskað að malbikað yrði sem allra fyrst. Samkvæmt gögnum málsins verður ætlað að bílaplanið hafi verið malbikað rétt eftir miðjan október 2019.

Með bréfi lögmanns stefnenda 16. september 2019 var stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. beðinn um afstöðu til bótaskyldu vegna tjóns stefnenda, sem hlotist hefði af sandfoki af bílastæðinu. Með tölvupósti 9. október 2019 frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til lögmanns stefnenda var bótaskyldu hafnað, meðal annars með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að stefnendur hefðu orðið fyrir tjóni. Þá var bent á að hægt væri að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum.

Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum 11. febrúar 2020, mál nr. 383/2019, segir að stefnendum hafi ekki með fullnægjandi hætti tekist að sýna fram á að þau hafi orðið fyrir munatjóni er viðeigandi trygging taki til. Eins og málið liggja fyrir nefndinni væri óhjákvæmilegt annað en að hafna kröfu stefnenda.

Þann 9. nóvember 2020 var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness mál nr. M-2786/2020, beiðni stefnenda um skipun tveggja matsmanna til að meta hvort og að hvaða marki stefnendur hefðu orðið fyrir tjóni vegna sandfoks. Nánar var óskað mats á ytra byrði fasteignarinnar, gluggum og hurðum, tréverki, hitaveituskel, garðhúsgögnum, gólfefnum og kostnaði við þrif. Þá var óskað mats á nánar tilgreindum fjórum ökutækjum í eigu stefnanda Fanndalslagna ehf.

Til að framkvæma umbeðið mat voru þeir Hjalti Sigmundsson, byggingartæknifræðingur og Gunnar Ásgeirsson bílasprautari dómkvaddir sem matsmenn í málinu. Í niðurstöðu matsgerðar þeirra, dags. 4. júní 2021, kemur fram að matsmenn telji að sandur og ryk hafi fokið úr bílaplani við Hópið og á lóð og húsið við Austurveg 22. Sú niðurstaða sé byggð á því sem sjá mátti á staðnum við skoðun og af framlögðum ljósmyndum og myndskreiði. Matsmenn gætu ekki staðfest að skemmdir hafi orðið á húsinu en sandur og ryk hafi kallað á aukna vinnu við þrif á lóð, húsinu að utan og innan. Matsmenn gæti ekki metið hver kostnaður við þrif hefði verið á ársgrundvelli. Matsmenn áætli hins vegar að í hvert sinn sem húsið hafi verið þrifið að utan sem og lóð, vegna ryks- og sandfoks, hafi það getað kostað 69.000 krónur. Kostnaður við þrif innanhúss hafi getað kostað 62.000 krónur í hvert sinn. Um bifreiðarnar segir að tjón hafi

orðið, eða líkur séu á því að tjón hafi orðið, á fjórum bifreiðum, sem rekja megi til ágangs sands frá bílplaninu, samtals metið 2.039.285 krónur.

Með kröfubréfi lögmanns stefnenda 19. ágúst 2021 voru stefndu, Grindavíkurbær og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., krafðir um greiðslu vegna tjóns á bifreiðunum og vegna aukinna þrifa á fasteigninni að utan og innan. Fyrir hönd stefnanda Fanndalslagna ehf. var krafist 2.657.174 króna. Var tjónið sundurliðað með þeim hætti að tjón samkvæmt matsgerð næmi 2.039.285 krónum, en samkvæmt viðbótarmati hefði orðið tjón á annarri bifreið og hjólhýsi og kostnaður vegna þess væri 617.889 krónur. Um tjón stefnenda Jóns og Ingibjargar var vísað til kostnaðar vegna þrifa í matsgerð og valinna daga í vottorðum frá Veðurstofu Íslands um tíðni norðanátt, frá janúar 2010 til desember 2020. Með vísan til þeirra gagna væri á því byggt að norðanátt hefði verið ríkjandi að meðaltali 10 daga í mánuði. Þrif utanhúss hefði verið nauðsynlegt tvisvar í mánuði, en þrif innanhúss nauðsynleg annan hvern dag sem norðanátt ríkti eða 120 sinnum á ári. Nam krafa vegna þrifa með vísan til þess 127.344.000 krónum.

Í bréfi lögmanns stefnda Grindavíkurbæjar 15. september 2021 til lögmanns stefnenda er kröfunni hafnað með vísan til niðurstaðna matsgerðar og fyrningar, auk þess sem athugasemdir voru gerðar við viðbótarkröfu um tvö ökutæki sem stefnendur bæru að láðst hefði að geta í matsbeiðni.

Í tölvupósti frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til lögmanns stefnenda, 16. september 2021, er kröfu stefnenda hafnað með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að stefnendur hefðu orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi stefnda Grindavíkurbæjar, og þá verði að telja hið meinta tjón fyrnt.

Auk tilvísaðra gagna liggja meðal annars fyrir í málinu ítarleg gögn frá Veðurstofu Íslands, sem aflað var af hálfu stefnenda um hitastig, vind og úrkomu á tilteknum dagsetningum og tímabilum, myndir og myndskleið, upplýsingar um „Hópið“, tölvupóstur stefnda Grindavíkurbæjar vegna framkvæmdar matsgerðar.

Stefnendur Jón Fanndal og Ingibjörg Marín gáfu aðilaskýrslu fyrir dómi. Vitnaskýrslur gáfu Ægir Viktorsson nágranni, Ármann Halldórsson, fyrrverandi sviðstjóri og byggingarfulltrúi Grindavíkur, Sigurður Óli Þórleifsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi Grindavíkur, auk matsmanna, þeirra Hjalta Sigmundssonar og Gunnars Ásgeirssonar.

Málsástæður og lagarök stefnenda:

Að mati stefnenda ber Grindavíkurbær skaðabótaábyrgð á því tjóni sem sandfok af bílplaninu við Hópið hefur valdið skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. Tjón annars vegar stefnanda Fanndalslagna ehf. og hins vegar stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar megi sannanlega rekja til vanrækslu bæjaryfirvalda. Tjón stefnenda megi rekja til sömu atvika og aðstæðna en til hægðarauka standi stefnendur saman að málsókn þessari líkt og þeim sé heimilt skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á því sé byggt að meta skuli það stefnda Grindavíkurbæ til sakar að hafa um árabíl látið hjá líða að ganga þannig frá bílplaninu við Hópið að sandfok vegna veðurs og umferðar yrði ekki stefnendum til tjóns. Um þetta vísast einkum til 8. mgr. gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, en hún hljóðar svo: „Í þéttbýli skal frágangur bílastæða vera með þeim hætti að yfirborð þoli það álag sem þar verður og að mól eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu. Hentug efni geta verið ýmsar gerðir af bundnu slitlagi, hellulögn, sérstyrkt gras eða annað sambærilegt efni, sé ekki kveðið á um annað í deiliskipulagi.“ Einnig er vísað til 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem hljóðar svo: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði.“

Ákvæði gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé skýr leiðbeining til sveitarfélaga, sem óumdeilt sé að hafi verið í gildi þegar deiliskipulag íþróttasvæðisins, sem bílplanið tilheyrir, var samþykkt árið 2012. Það hafi verið þá sem hlutverk þessa umrædda bílplans var skilgreint og því slegið föstu að þangað skyldi beina öllum bifreiðum sem erindi ættu í Hópið, leiki á aðalknattspyrnuvellingnum, sem og viðburði og æfingar á frjálsíþróttavelli. Þá sé jafnframt á því byggt að í lið 3.5 í deiliskipulagi, sem stefndi Grindavíkurbær sjálfur hafi sett og samþykkt, sé það sérstaklega áréttað að byggingarreglugerð nr. 112/2012 skuli gilda um frágang lóða. Rétt sé í þessu samhengi að vísa til þess að byggingareglugerðin feli eðli málsins skv. í sér lágmarkskröfur en skv. 6. gr. eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 hafi sveitarfélögum verið veitt heimild til að setja sjálf viðbótarreglur. Þá sé jafnframt ljóst af dómafordæmum að ríkari kröfur séu gerðar til sveitarfélaga þegar komi að frágangi fasteigna, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 184/2007. Með sömu rökum þyki augljóst að stefndi Grindavíkurbær hafi vanrækt skyldur sínar skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Við framangreint sé rétt að bæta að ríkjandi vindáttir í Grindavík séu norðan- og austanátt. Fasteignin við Austurveg 22 standi sunnanmegin götunnar en norðanmegin götunnar, beint á móti, sé umrætt bílaplan. Austurvegur liggja nánast í beinni línu frá vestri til austurs og framhlið fasteignarinnar á Austurvegi 22 vísi í norður. Því sé ljóst að í ríkjandi vindáttum, og þá sérstaklega í norðanátt, blási sandi frá umræddu bílaplani beint á framhlið fasteignarinnar. Hér vísast jafnframt til myndbandsupptöku þar sem sandblástur sjáist greinilega. Á þeim degi sem myndbandið var tekið hafi aðstæður verið þannig: Heildarúrkoma 0,0 mm, meðalhiti 7,93°C, meðal vindátt norðanátt, meðal vindhraði 9,5 m/s, mesti vindhraði 13 m/s úr norðaustan átt og mesta hviða 17,4 m/s úr norðanátt. Af lestri matsgerðar megi ætla að það hafi verið mat dómkvaddra matsmanna að sandfok beinist einkum að fasteigninni að Austurvegi 22 vegna legu og lögunar Hópsins, þ.e. að þegar vindur blási úr norðri hvolfist hann fram af húsinu og á bílaplanið og rífi þannig upp ryk og sand.

Ljóst sé af matsgerðinni að tjón hafi orðið og að það hafi hlotist af atvikum sem stefndi Grindavíkurbær beri ábyrgð á. Óumdeilt sé að mikið sandfok hafi verið frá umræddu bílaplani um árabíl, þá telji stefnendur sýnt að þau hafi orðið fyrir gríðarlegu fjárhagslegu tjóni af þeim völdum. Stefndi Grindavíkurbær beri ábyrgð á því tjóni, enda höfðu bæjaryfirvöld heil 12 ár til að malbika umrætt bílaplan. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en haustið 2019, þrátt fyrir að bæjaryfirvöldum hefði um árabíl verið fullkunnugt um það tjón sem vanræksla þeirra væri að valda stefnendum. Um rökstuðning stefnenda vísast jafnframt til bréfs lögmanns til stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. 16. september 2019.

Stefnendur telja það hafið yfir allan vafa að tjón hafi hlotist af umræddu sandfoki, með vísan til matsgerðar og annarra framlagðra gagna, þ. á. m. ljósmynda, myndbands og vottorða um veður. Ómögulegt sé að halda því fram að svo mikið magn af sandi, sem berist að fasteign, valdi ekki tjóni á fasteigninni sjálfri og þeim bifreiðum sem þar sé alla jafna lagt. Þá sé jafnframt hafið yfir allan vafa að slíkt magn af sandi kalli á aukin þrif fasteignarinnar, bæði að innan og utan, sbr. niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Ítrekað sé að hér sé um að ræða ástand sem varað hafði um árabíl án markvissra aðgerða bæjaryfirvalda, þrátt fyrir skýrar kröfur stefnenda. Þá sé vakin athygli á tölvubréfi, dags. 4. júní 2019, þar sem afstaða Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sé rakin en að þeirra mati sé um réttmæta kvörtun að ræða.

Stefnendur benda á að skv. matsgerð hafi það verið niðurstaða dómkvaddra matsmanna að sandfok frá bílaplani við Hópið hafi valdið tjóni á bifreiðum í eigu stefnanda Fanndalslagna ehf. Þær bifreiðar sem tilgreindar hafi verið í matsbeiðni, og metnar hafi verið af matsmönnum, séu bifreiðar með fastanr. LEA57, YG416, JGV63 og OFL95. Samtals hafi tjón á þeim bifreiðum verið metið á 2.039.285 krónur í matsgerð. Í matsbeiðni hafi hins vegar láðst að nefna bifreið og hjólhýsi í eigu stefnanda Fanndalslagna ehf. Í kjölfar matsgerðar hafi stefnandi Fanndalslagnir ehf. því leitað til annars matsmannsins og óskað eftir viðbótarmati á tjóni á bifreiðinni með fastanr. RBM86 og hjólhýsinu með fastanr. SA504. Tjónið sé metið samtals 617.889 krónur. Krafa vegna tjóns á bifreiðum og hjólhýsi stefnanda Fanndalslagna ehf. nemi þannig samtals 2.657.174 krónum, sem sé stefnufjárhæð stefnu þessarar, hvað félagið varðar.

Niðurstaða matsgerðar hafi enn fremur verið sú að sandfok frá bílaplani við Hópið hafi kallað á aukna vinnu við þrif á fasteigninni að Austurvegi 22, bæði að innan og utan. Mat dómkvaddra matsmanna hafi verið að í hvert sinn sem fasteignin var þriffin að utan og lóð hreinsuð vegna ryks- og sandfoks af bílplaninu hafi það getað kostað 69.000 krónur og 62.000 krónur í hvert sinn sem fasteignin var þriffin að innan vegna þessa. Upphafleg krafa stefnanda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar hafi verið byggð á grófu mati stefnenda hvað veðráttu varðar og tíðni norðanáttar skv. upplýsingum frá Veðurstofu Íslands. Áætluðu stefnendur að norðanátt hefði verið ríkjandi að meðaltali a.m.k. 10 daga í mánuði þannig að þau hefðu að jafnaði þurft að þrífa utanhúss og lóð tvisvar sinnum í mánuði vegna þessa eða 24 sinnum á ári en þrif innanhúss hafi verið nauðsynleg hvern dag sem norðanátt ríkti, þ.e. 10 daga í mánuði eða 120 daga á ári.

Í kjölfar afstöðu stefndu til fjárkröfu stefnenda hafi stefnendur óskað eftir formlegum vottorðum frá Veðurstofu Íslands vegna valinna dagsetninga en sá dagafjöldi sem krafa stefnenda byggist nú á miðist við þá daga sem mesti vindhraði var minnst 10,0 metrar á sekúndu og þurrkur eða lítil sem engin úrkoma. Á umræddum dögum hafi mesti vindhraði verið 27,5 metrar á sekúndu en 34,3 í hviðum, en alla jafna hafi verið um að ræða norðanátt eða norðaustanátt. Fjárfrafan miði við þá daga og sé þannig vel í hóf stillt. Á því sé byggt að hafið sé yfir allan vafa að sandfok á umræddum dögum hafi verið gríðarlegt. Því til stuðnings sé jafnframt á það bent að á meðan á matsvinnu dómkvaddra matsmanna stóð hafi orðið mikið sandfok frá bílplaninu við Hópið að fasteigninni við Austurbraut 22, en þá höfðu starfsmenn stefnda Grindavíkurbæjar sett sandhrúgu á planið. Fjárfrafa byggist á því að hvern dag sem veður hafi verið svo sem í meðfylgjandi

vottorðum greini hafi þau þurft að þrifa innanhúss í fasteigninni við Austurveg 22 eða samtals 287 daga en þrif utanhúss hafi verið nauðsynleg eftir hvern dag eða samfellda törn, ef veður var framangreinds eðlis dag eftir dag, þ.e. samtals í 168 skipti. Fjárhæðir vegna hvers skiptis miðast við niðurstöður dómkvaddra matsmanna. Af hálfu stefnenda sé þannig á því byggt að stefndi Grindavíkurbær beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnenda skv. meginreglum skaðabótaréttar, enda sé sannað að tjón þeirra megi rekja til saknæmrar háttsemi stefnda Grindavíkurbæjar og orsakatengsl séu skýr.

Krafa stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar um miskabætur að álitum sé á því byggð að í aðgerðum og athafnaleysi stefnda Grindavíkurbæjar hafi falist ólögmæt meingerð gegn persónu þeirra og því eigi þau rétt á miskabótum skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2011.

Stefnendur benda á að stefndi Grindavíkurbær hafi á því tímabili sem um ræðir verið með ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og sé stefnda Sjóvá-Almennum-tryggingum hf. stefnt í samræmi við 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Á því sé byggt að vegna skaðabótaskyldu stefnda Grindavíkurbæjar gagnvart stefnendum skuli tjón stefnenda bætt úr ábyrgðartryggingu stefnda Grindavíkurbæjar hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í samræmi við viðeigandi váttryggingarskilmála. Vísast að öðru leyti til sömu röksemda og gagnvart stefnda Grindavíkurbæ. Samaðild til varnar byggist þannig á 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um lagarök vísast til meginreglna skaðabótaréttar og hinnar almennu sakarreglu. Þá er vísað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 44. gr. laganna vegna stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. Um réttarfarsatriði vísar stefnandi til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um fyrirvar málsins vísast til 4. og 5. mgr. 17. gr. laganna. Um samaðild til varnar vísast til 18. gr. laganna. Um samlagsaðild til sóknar vísast til 1. mgr. 19. gr. laganna. Um viðurkenningarkröfur til vara vísast til 2. mgr. 25. gr. Um þinghá vísast til 1. mgr. 34. gr. laganna. Um vaxtakröfur vísast til laga nr. 38/2001, einkum 6. og 8. gr. laganna.

#### Málsástæður og lagarök stefnda Grindavíkurbæjar.

Stefndi kveðst ekki gera kröfu um frávísun á aðalkröfu Fanndalslagna ehf. og á aðalkröfu Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar. Hins vegar telji stefndi að um framsetningu á aðalkröfum stefnenda með hliðsjón af skilyrðum samaðildar til varnar

skv. 18. gr. laga um meðferð einkamála komi til skoðunar ex officio frávísun. Í báðum tilvikum krefjast stefnendur greiðslu á tilteknum fjárkröfum sameiginlega úr hendi stefndu. Að mati stefnda geti viðskiptasamband Grindavíkurbæjar við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ekki eitt og sér leitt til þess að aðilar beri óskipta skyldu í skilningi 18. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefndi Grindavíkurbær byggir kröfu sína um sýknu af kröfum Fanndalslagna ehf. annars vegar og Jón Fanndals og Ingibjargar Marínar hins vegar, á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar skv. almennum reglum skaðabótaréttar séu ekki uppfyllt. Að mati stefnda liggja ekki fyrir sönnun þess hvaða atvik eigi að hafa valdið hinu meinta tjóni, auk þess sem skilyrði um sök, orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu ekki fyrir hendi. Verði hins vegar talið að stefnendur hafi átt fjárkröfu vegna skaðabótaskyldrar háttsemi þá sé hún fallin niður vegna fyrningar, sbr. síðar.

Að mati stefnda hafi matsgerð matsmanna ekki sönnunargildi í málinu vegna atvika er varða matsmanninn Gunnar Ásgeirsson á þeim tíma sem vinna við matsgerð átti sér stað. Annars vegar sé um að ræða atvik 2. maí 2021 þegar Gunnar Ásgeirsson mun hafa að beiðni stefnenda farið á vettvang til þess að leggja mat á sandfok sem tengdist ekki þeim matsspurningum sem fram koma í matsbeiðni. Stefndi átti engan kost á því að mótmæla framgangi matsmannsins fyrr en þá 3. maí 2021 þegar skoðun matsmannsins hafði þegar átt sér stað. Hins vegar sé um að ræða atvik sem varðar svokallað „viðbótarmat“ þegar matsmaðurinn Gunnar Ásgeirsson virðist hafa, að beiðni stefnenda, framkvæmt ástandsmat á bifreið og hjólhýsi í eigu Fanndalslagna ehf. á sama tíma og hann vann að matsgerð þeirri sem stefnendur leggja til grundvallar kröfum sínum í málinu. Vísar stefndi til þess að hið svokallaða „viðbótarmat“ virðist hafa átt sér stað 2. maí 2021, eða á sama tíma og matsmaðurinn var kallaður til vegna sandfoksins sem rekja megi til sands sem átti að bera á nærliggjandi knattspyrnuvöll. Þá sé rétt að taka fram að „viðbótarmatið“ átti sér stað á sama tíma og vinna við matsgerð átti sér stað.

Stefndi telur að matsgerð matsmanna sé ekki lengur matsgerð óháðra aðila vegna framgöngu matsmannsins Gunnars Ásgeirssonar. Þá hafi verið upplýst í málinu að stefnendur greiddu matsmanninum Gunnari Ásgeirssyni fyrir matsgerðina og svokallað „viðbótarmat“ í einu lagi. Að mati stefnda breyti engu hvort greitt hafi verið fyrir vinnuna eða hvort vinnan hafi verið endurgjaldslaus í þágu stefnenda þar sem bæði tilvikin séu til þess fallin að varpa rýrð á óhlutdrægi matsmannsins og þar með á gildi matsgerðarinnar.

Stefndi byggir sýknukröfuna einnig á því að skilyrði sakarreglunnar sé ekki uppfyllt. Að mati stefnda liggja ekki fyrir sönnun þess að stefndi hafi viðhaft háttsemi sem hafi verið saknæm og ólögmat.

Stefndi telur ósannað að rekja megi hið meinta tjón til sandfoks frá bílplaninu við Hópið. Að mati stefnda geti margar ástæður skýrt hugsanlegt sandfok en það sé í höndum stefnenda að sanna hvað hafi valdið hinu meinta sandfoki, hvenær það hafi átt sér stað og að hið meinta sandfok sé á ábyrgð stefnda. Bendir stefndi á að nokkur malarsvæði séu í næsta nágrenni við Austurveg 22, auk þess sem búið sé að byggja fjölmargar fasteignir á sl. árum norðan Hópsbrautar þar sem risið hafi nýtt íbúðarhverfi.

Stefndi Grindavíkurbær mótmælir fullyrðingu í stefnu um að ljóst sé af matsgerð að tjón hafi orðið og að það hafi hlotist af atvikum sem Grindavíkurbær beri ábyrgð á. Forsenda fyrir niðurstöðu matsmanna sé að þeir „telji“ að sandur og ryk kunni að hafa fokið frá bílplaninu við Hópið. Hins vegar segi jafnframt í niðurstöðum matsmanna að þeir „hafa engin tók á að sjá hvernig sandfok var á þeim tíma þegar bílplanið var ómalbikað.“ Matsgerðin staðfesti því ekki að hið meinta tjón stafi frá bílplaninu. Niðurstæða matsmanna sé því ágiskun, sem byggist einungis á ljósmyndum og sandhaugum sem voru á vettvangi við skoðun matsmanna 2. og 3. maí 2021. Að mati stefnda sé ekki hægt að leggja skoðun matsmanna á vettvangi þá daga til grundvallar niðurstöðunni þar sem um hafi verið að ræða mjög fíngerðan sand, sem átti að bera á nærliggjandi knattspyrnuvelli.

Stefndu benda á að stefnendur geri tvær aðskildar skaðabótakröfur á hendur stefnda Grindavíkurbæ, annars vegar vegna meints tjóns á bifreiðum og hins vegar vegna meints tjóns vegna þrifa utan- og innanhúss.

Hvað varðar kröfu Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar þá byggist krafan um sýknu jafnframt á því að engin sönnun liggja fyrir um að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni. Skilyrði skaðabóta sé að tjónþoli sýni fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna saknæmrar og ólögmatrar háttsemi þess sem veldur tjóninu. Að mati stefnda liggur ekkert fyrir um að Jón Fanndal og Ingibjörg Marín hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þess tjóns sem krafa þeirra byggist á. Engin gögn liggja fyrir um tjón eða útlagðan kostnað vegna meintra þrifa, hvort sem það sé innan- eða utanhúss. Stefnendur byggja kröfuna einungis á niðurstöðu matsmanna þar sem matsmenn mátu það sem þeir töldu eðlilegt endurgjald vegna þrifa og margfalda niðurstöðu matsmanna með fjölda daga yfir margra ára tímabil þar sem tiltekna veðurastæður hafi ríkt í Grindavík. Að mati stefnda sýna

tilteknar veðuraðstæður ekki fram á að meint sandfok hafi átt sér stað á öllum þeim dögum sem stefnukrafan byggist á, enda margar breytur sem kunni að hafa áhrif á meint sandfok, eins og rakastig, úrkoma, snjór, frost o.fl. Með bréfi stefnda hafi verið beint á framangreinda vankanta á kröfu stefnenda. Þrátt fyrir að kröfugerð í stefnu hafi tekið breytingum þegar hún hafi verið lækkuð um 100 milljónir króna, hafi stefnandi enn margvíslegar athugasemdir við þær forsendur sem krafan byggist á. Stefndi telur að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að sandfok hafi átt sér stað á öllum þeim dögum sem dómkrafan er byggð á. Sönnunarbyrði fyrir sandfoki á þeim dögum sem stefnendur byggja á hvíli á stefnendum. Stefndi telur jafnframt einsýnt að sandfok frá bílastæðinu við Hópið hafi ekki átt sér stað, og geti ekki átt sér stað, þegar það hafi verið hulið snjó og/eða klaka óháð því hvort úrkoma úr lofti hafi átt sér stað á þeim dögum sem stefnendur krefjast bóta á.

Um meint fjártjón Fanndalslagna ehf. eigi sömu sjónarmið við og að framan sé getið um. Jafnframt sé byggt á því að í matsgerð sé ekki tekið tillit til þess að bifreiðar félagsins séu allt að 17 ára gamlar og því beri að taka tillit til aldurs bifreiðanna, en svo hafi ekki verið gert í matsgerð né í dómkröfu. Einnig sé byggt á því að í dómkröfu sé ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en að mati stefnda geti hámarkstjón á bifreiðum Fanndalslagna ehf. verið mismunur á niðurstöðu matsmanna og virðisaukaskatti.

Krafa um sýknu byggist einnig á því að meintar kröfur stefnenda séu fyrndar. Í stefnu sé byggt á því að hið meinta tjón eigi að hafa átt sér stað eftir byggingu Hópsins árið 2008 og fram að þeim tíma sem bílaplanið var malbikað 2019. Eins og að framan greini liggja engin sönnun fyrir um hvenær hinn meinti tjónsatburður á að hafa átt sér stað. Hins vegar byggja stefnendur á því að hið meinta tjón hafi átt sér stað árið 2015, og því lýst yfir að tjón hafi þá þegar orðið á bifreiðum Fanndalslagna ehf. og að Jón Fanndal og Ingibjörg Marín hafi orðið fyrir kostnaði vegna þrifa. Að mati stefnda feli framlagt dómskjal í sér yfirlýsingu sem er bindandi fyrir stefnendur. Krafa stefnenda sé því fyrnd, enda sé almennur fyrningarfrestur á skaðabótakröfum skv. lögum nr. 150/2007 fjögur ár frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið, og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að aflu sér slíkra upplýsinga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína af viðurkenningarkröfum Fanndalslagna ehf. og Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar á sömu sjónarmiðum og í aðalkröfu, sbr. umfjöllun að framan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína af miskabótakröfu á sömu málsástæðum og í aðalkröfu. Í fyrsta lagi sé því mótmælt að stefnendur hafi orðið fyrir miska. Í öðru lagi er byggt á því að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi stefnda. Að mati stefnda verði hinu meinta athafnaleyssi, sem stefnendur byggja miskabótakröfu sína á, ekki jafnað við ásetning eða stórkostlegt gáleysi sem sé skilyrði miskabóta skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verði talið að athafnaleyssi stefnda geti verið grundvöllur fyrir greiðslu miskabóta skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 byggir stefndi á að slík krafa sé fyrnd, sbr. fyrri umfjöllun.

Stefndu byggja málatilbúnað sinn á almennum reglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993, lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Málskostnaðarkrafa stefnda eigi sér stoð í 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

#### Málsástæður og lagarök stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf.:

Stefndi bendir á að framsetning og reifun dómkröfu stefnenda sé með þeim hætti að vera kunni að vísa beri þeim frá ex officio. Sundurliðun og rökstuðningur fjárfrafna í stefnu sé verulega ábótavant og uppfylli málatilbúnaðurinn ekki skilyrði d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi í fyrsta lagi á því að meintar kröfur stefnenda séu fyrndar en almennur fyrningartími skaðabótakrafna sé fjögur ár, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Íþróttahúsið Hópið hafi verið tekið í notkun haustið 2008 og samkvæmt málsatvikalýsingu í stefnu fullyrði stefnendur að mikill sandur og ryk hafi þyrlast upp allt frá því að bílastæðið var tekið í notkun. Af hálfu stefnda sé á því byggt að stefnendur hafi haft vitneskju um tilvist meintrar kröfu sinnar og hafi átt þess kost að leita fullnustu hennar í skilningi 9. gr. laga nr. 150/2007, þegar árið 2008 er íþróttahúsið við Hópið var tekið í notkun. Tekið skuli fram að stefnendur hafi ekki bent á neitt haldbært sem hafi staðið því í vegi að þau gætu hafist handa við að láta meta meint tjón, sem þau telja að megi rekja til bifreiðastæðisins við Hópið, og leitað fullnustu kröfu sinnar frá því tímamarki. Í öllu falli sé ljóst að fyrningarfrestur hafi hafist í allra síðasta lagi er líða tók árið 2015 þegar stefnendur kröfðu meðstefnda um skaðabætur með bréfi dagsettu 6. ágúst 2015. Þá þegar nutu stefnendur lögfræðiráðgjafar vegna skaðabótakröfu sinnar eins og sérstaklega sé tiltekið í bréfi þeirra.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að atvikið sé ekki að rekja til atvika eða aðstæðna sem meðstefndi beri skaðabótaábyrgð á og sé því ekki bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá stefnda. Hafi stefnendur, sem beri sönnunarbyrði um orsök tjóns síns og umfang þess, ekki sannað hið gagnstæða. Taki stefndi undir málatilbúnað og málsástæður meðstefnda og geri að sínum.

Stefndi telur að fyrirbyggjandi matsgerð sanni hvorki að tjón hafi orðið né að tjón hafi hlotist af atvikum sem meðstefndi beri skaðabótaábyrgð á. Forsenda fyrir niðurstöðu matsmanna sé að þeir telji að sandur og ryk kunni að hafa fokið frá bílplaninu við Hópið. Sé því um hreina ágiskun að ræða. Þá sé sérstaklega tiltekið í matsgerðinni á blaðsíðu 18 að matsmennirnir hafi engin tók á að sjá hvernig sandfok var á þeim tíma þegar bílplanið var ómalbikað. Niðurstaða matsgerðarinnar sé þar með byggð á ágiskunum og óviðkomandi aðstæðum, þ.e. tveimur sandhlössum sem staðsett voru á bílplani Hópsins þann 2. og 3. maí 2021, auk ljósmynda og myndskaiðs, sem aflað var einhliða af stefnendum. Þeir sandhaugar sem voru á bílplaninu í maí 2021 hafi verið staðsettir þar tímabundið vegna þess að bera átti í fótboltavöll og tengdist því ekki því atviki sem ágreiningur þessa máls snýst um.

Á matsgerðinni séu enn fremur slíkir ágallar að mati stefnda að hún verði ekki lögð til grundvallar sem sönnun í máli þessu. Í fyrsta lagi hafi matsmenn farið á vettvang hvor í sínu lagi dagana 2. og 3. maí 2021 án þess að boðað hefði verið til matsfundar og stefndi enga möguleika haft á að gæta hagsmuna sinna. Sé það í hreinni andstöðu við 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í öðru lagi sé ljóst að stefnendur leituðu einhliða til annars matsmanns, Gunnars Ásgeirssonar, til að framkvæma svokallað „viðbótarmat“. Virðist sú ástandsskoðun hafa verið framkvæmd sama dag og matsmaðurinn skoðaði aðstæður 2. maí 2021. Stefnendur höfðu þá einhliða samband við matsmanninn sem fór á vettvang án vitneskju matsþola. Ljóst sé að matsgerðin sé ekki lengur matsgerð óháðs aðila þegar annar matsmanna sé að vinna verk fyrir matsbeiðanda á sama tíma og hann eigi að sinna hlutverki sínu sem óháður dómkvaddur matsmaður. Í þriðja lagi beri matsgerðin þess merki að matsmenn hafi ekki staðið saman að matinu eins og þeim hafi borið.

Samkvæmt stefnu málsins byggist fjárfrafa stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar á vottorðum frá Veðurstofu Íslands vegna daga þar sem mesti vindhraði var minnst 10,0 metrar á sekúndu og þurrkur eða lítil sem engin úrkoma. Þá byggja stefnendur á því að hafið sé yfir allan vafa að sandfok á umræddum dögum hafi

verið gríðarlegt og því til stuðnings bent á að meðan á matsvinnu matsmanna stóð varð mikið sandfok á bílplaninu við Hópið að fasteigninni Austurvegi 22. Framangreindum kröfum stefnenda sé því harðlega mótmælt af stefnda, en ljóst sé af matsgerð að matsmennirnir höfðu engin tók á að sjá hvernig sandfok var á þeim tíma þegar bílplanið var ómalbikað, líkt og áður segir. Að þessu sögðu hafnar stefndi fjárkröfum stefnenda með vísan til þess að hið meinta tjón þeirra sé með öllu ósannað. Því til stuðnings megi líta til matsgerðar þar sem fram komi eftirfarandi: „Matsmenn gátu ekki séð ummerki eftir skemmdir á húsinu að utanverðu sem stafað gætu af sandfoki. Hins vegar var ryk og sandur á lóð og á húsinu þegar skoðað var. Matsmenn geta heldur ekki staðfest hvernig umhorfs var inni í húsinu eftir sandfok sem matsbeiðendur greindu frá. Engin leið er fyrir matsmenn að segja til um hvort og þá hve mikið af ryki og sandi hefur borist inn. Líkur eru hins vegar á að ryk og sandur hafi borist inn. Það má meðal annars álykta svo miðað við það ryk sem sat á vatnsbrettum og á útihurð þegar skoðað var. Rispur voru á flísum í anddyri og þær mattar en ekki inni í eldhúsi. Það kann þó að eiga sér eðlilegar skýringar þar sem að gengið er inn á skóm í anddyri en síður í eldhúsið.“

Líkt og fram kemur í stefnu fullyrða stefnendur að þau hafi orðið fyrir ýmiss konar tjóni vegna sandfoks frá umræddu bifreiðastæði við Hópið. Stefndi telur í öllu falli ósannað að sandur/möl hafi fokið af umræddu bifreiðastæði yfir á lóð stefnenda að Austurvegi 22. Vert sé að taka fram að fjölmörg malarplön eru á svæðinu í kringum húsið. Að mati stefnda sé því ómögulegt að fullyrða hvort sandur hafi fokið að húsi stefnenda frá bifreiðaplani við Hópið eða hvort hann hafi komið frá einhverju af þeim malarsvæðum sem séu í nágrenni hússins. Þá komi jafnframt fram í matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 4. júní 2021, hvað varðar malarborin svæði sem bent var á í fylgiskjali 5 með matsbeiðni, að nokkur umferð gæti verið við veitingahúsið Brúna sem er í um 170-190 metra loftlínu suðaustan við hús stefnenda. Sé því ekki útilokað að sandur hafi fokið að húsi stefnenda þaðan. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvíli sönnunarbyrðin um þetta atriði á stefnendum og verði þau því að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er í málinu hvað þetta varðar.

Hvað varðar tjón á bifreiðum og hjólhýsi í eigu stefnanda Fanndalslagna ehf. byggist fjárkrafan annars vegar á mati dómkvaddra matsmanna, þeirra Hjalta Sigmundssonar og Gunnars Ásgeirssonar, og hins vegar á „viðbótarmati“ Gunnars Ásgeirssonar á bifreið og hjólhýsi þar sem fram hafi komið að það hafi láðst að nefna það í matsbeiðni. Ítrekaðar séu málsástæður er varða ágalla á matsgerðinni. Jafnframt sé

„viðbótarmati“ Gunnars Ásgeirssonar alfarið hafnað og verði það ekki lagt til grundvallar sönnunar í máli þessu. Sé kröfunni alfarið hafnað af stefnda en fyrir liggja að bifreiðarnar sem um ræðir voru fyrst skráðar allt frá árinu 2004 og hjólhýsið skráð 2007. Því sé ljóst að gera verði ráð fyrir eðlilegu sliti á ökutækjum, sem leiði af eðlilegri notkun þeirra þar sem bifreiðarnar séu allt að 17 ára gamlar og hjólhýsið þar með 14 ára gamalt. Með hliðsjón af framangreindu, og því að ósannað sé að sandur hafi fokið á bifreiðar stefnenda frá bifreiðaplani við Hópið, sé niðurstöðum Gunnars Ásgeirssonar vegna tjóns á ökutækjum mótmælt og fjárkröfum Fanndalslagna ehf. hafnað.

Þá byggir stefndi í þriðja lagi á því að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að þau hafi orðið fyrir munatjóni sem rakið verði til saknæmrar háttsemi meðstefnda. Stefnendur hafi lagt fram ljósmyndir sem sýna eiga hið meinta tjón á fasteigninni, t.a.m. af gluggakistu, gasgrilli og útihúsgögnum. Umræddar ljósmyndir sýni þó ekki fram á tjón á þessum munum og séu auk þess ódagsettar. Líta verði til þess að framangreindra mynda var aflað einhliða af stefnendum og hafi þær því lítið sem ekkert sönnunargildi í málinu. Ábyrgðartrygging meðstefnda hjá stefnda taki jafnframt aðeins til tjóns sem rakið verði til líkams- eða munatjóns, sbr. skilmála nr. 130 hjá stefnda. Þar sem ekkert munatjón hafi orðið á eigninni sé ljóst að ekki hafi stofnast bótaréttur úr tryggingunni vegna fasteignarinnar. Frjáls ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur taki ekki til fjártjóns sem eingöngu stafi af óþægindum eða kostnaði við þrif. Stefndi telur jafnframt ósannað að stefnendur hafi orðið fyrir raunverulegum kostnaði vegna þrifa, enda hafi engin gögn, svo sem kvittanir, verið lögð fram sem sýna fram á slíkan kostnað.

Þeirri málsástæðu stefnenda að það skuli meta meðstefnda til sakar að hafa um árabíl látið hjá líða að ganga þannig frá bílplaninu við Hópið að sandfok vegna veðurs og umferðar yrði ekki stefnendum tjóns, er mótmælt af stefnda. Þá vísi stefnendur til 8. mgr. gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sem kveði á um að frágangur bílastæða skuli vera með þeim hætti að mül eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu, sem og til 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem kveður á um að eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skuli halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði. Ljóst sé að ekkert í gögnum málsins bendi til annars er að meðstefndi hafi hirt vel um bifreiðastæðið. Þá hafi meðstefndi jafnframt reynt að koma til móts við stefnendur með því að væta bifreiðastæðið í þurrki til þess að takmarka mögulegt ónæði af ryki. Geti stefndi þar með ekki fallist á að meðstefndi hafi brotið gegn framangreindum

ákvæðum né að dómur Hæstaréttar í máli nr. 184/2007 eigi við sem dómafordæmi um mál þetta. Auk þess sé ljóst að meðstefndi vanrækti ekki skyldur sínar skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti að neinu leyti. Frjáls ábyrgðartrygging takmarkist við saknæma háttsemi meðstefnda og í öllu falli hafi ekki verið sýnt fram á að um slíkt sé að ræða í þessu máli.

Kröfu stefnenda Jóns og Ingibjargar um miskabætur að álitum er alfarið hafnað af stefnda. Sú krafa sé með öllu órökstudd og er ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að meint athafnaleysi meðstefnda hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn persónu þeirra eða að hvaða marki miskabótakrafan varðar stefnda Sjóvá. Í þessu samhengi mótmælir stefndi því jafnframt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 162/2011 eigi við sem fordæmi um mál þetta. Þar háttaði svo til að sveitarfélag fór ekki eftir þeim reglum sem því bar að fylgja við úthlutun byggingarréttar umrætt sinn, og var aðilum þar með mismunað á ómálefnalegan hátt. Svo háttar ekki til í því máli sem hér er til álita. Eru skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 því ekki uppfyllt.

Telur stefndi enn fremur að það langur tími hafi liðið frá því að hið meinta atvik gerðist og þar til formleg kröfugerð hafi fyrst verið sett fram, að meta verði stefnendum það til verulegs tómlætis við að viðhalda kröfu sinni gagnvart stefnda og meðstefnda. Byggir stefndi þar með á því að stefnendur hafi fyrirgert öllum hugsanlegum bótarétti sínum á hendur stefnda og meðstefnda vegna tómlætis en tilgangur slíkra reglna sé sá að koma í veg fyrir að hægt sé að draga það of lengi að gæta réttar síns og sá sem ekki hirði um það verði látinn sæta því að réttur hans teljist niður fallinn.

Ljóst sé að ef til þess kæmi að sannað þætti að tjón stefnenda yrði rakið til sandfoks frá bílastæðinu, telur stefndi að ekki hafi verið sýnt fram á að fokið verði rakið til saknæmrar háttsemi meðstefnda. Með vísan til þess sem hér hafi verið rakið hafnar stefndi bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur meðstefnda.

Varakröfum stefnenda um viðurkenningu á bótaskyldu er hafnað á grundvelli sömu raka og málsástæða og aðalkröfum stefnenda. Um nánari rökstuðning er vísað til rökstuðnings fyrir sýknu af aðalkröfum hér að framan.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda gerir stefndi þá kröfu að bótakröfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Til stuðnings varakröfu sé vísað til rökstuðnings aðalkröfu eftir því sem við eigi. Verði talið að stefnendur hafi fært viðhlítandi sönnur fyrir því að umrætt sandfok hafi verið frá bifreiðastæðinu við Hópið, telur stefndi liggja skýrt fyrir að frjáls ábyrgðartrygging taki aðeins til munatjóns og skaðabótaábyrgðar sem

fellur á váttrygðan. Beri því í öllu falli að hafna öðrum kröfuliðum í dómkröfum stefnenda en varða munatjón og vísast um nánari tilgreiningu til rökstuðnings fyrir aðalkröfu. Stefndi telur jafnframt vert að tiltaka að í stefnu hafi ekki verið tekið tillit til frádráttar virðisaukaskatts vegna viðgerða á bifreiðum og hjólhýsi, þar sem stefnandi Fanndalslagnir ehf. sé virðisaukaskattsskyldur aðili. Í öllu falli sé ljóst að lækka beri kröfur stefnenda, verði talið að þau hafi fært sönnur fyrir því að tjón á ökutækjum hafi orðið af völdum sandfoks frá bifreiðastæði við Hópið. Þá sé ekki tekið tillit til eðlilegs slits á lakki og yfirborði bifreiðanna miðað við aldur heldur feli dómkröfur í sér að bifreiðarnar yrðu í betra ástandi en þær voru fyrir hinn meinta tjónsatburð. Ber því að lækka dómkröfur sem því nemur.

Dráttarvaxtakröfu er mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Að lokum sé áréttað að stefndi taki jafnframt undir málatilbúnað og málsástæður meðstefnda.

Um lagarök vísar stefndi til váttryggingaskilmála stefnda nr. 130 fyrir frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur, ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttar, einkum um sök og orsakatengsl, sönnun og sönnunarbyrði. Þá er vísað til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda auk almennra reglna kröfu- og skaðabótaréttar. Um málskostnaðarkröfu vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. og 131. gr. laganna.

#### Forsendur og niðurstaða:

Með málshöfðun sinni hafa stefnendur nýtt sér heimild 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til aðilaslags til sóknar, þar sem dómkröfur eiga rætur að rekja til sama atviks. Stefnendur vísa um aðild málsins til varnar til heimildar 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og þá telst með hliðsjón af dómaframkvæmd skaðabótamála alvanalegt að meintum tjónvaldi og tryggingarfélagi hans sé stefnt in solidum til greiðslu bóta, þótt tryggingarfélagið sé ekki tjónvaldur. Dómkrafa stefnenda er að öðru leyti tilgreind í krónum talið, og þá er getið um þær málsástæður sem stefnendur byggja málsókn sína á, svo og önnur atvik þannig að samhengi málsástæðna er ljóst, og ekki fer milli mála hvert sakarefnið er, sbr. d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Verður málinu ekki vísað frá ex-officio.

Stefnendur byggja á því að stefndi Grindavíkurbær hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með aðgerðaleyfi sínu til fjölda ára, sem hafi valdið þeim tjóni. Af gögnum

málsins, sem og þeim skýrslum sem fram fóru fyrir dómi, þykir ljóst að stefnendur hafi í mörg ár margoft kvartað til bæjaryfirvalda yfir sandfoki frá bílastæðinu við Hópið og yfir heimili þeirra. Vegna kvartana stefnenda hafi starfsmenn bæjarins og aðilar, sem sæti áttu í stjórnnum og ráðum bæjarins, oft komið heim til stefnenda í því skyni að kynna sér aðstæður af eigin raun.

Í bréfi stefnenda 6. ágúst 2015 kemur fram að þau kvarti yfir sandfoki og tjóni á eignum þeirra og krefjist þess að bílastæðið verði malbikað. Erindið var tekið fyrir í bæjarráði stefnda 19. ágúst 2015 og í svarbréfi til stefnenda kemur fram að ekki ætti að hefja malbiksframkvæmdir fyrr en á árinu 2018. Jafnframt kemur fram í svarbréfinu að í kjölfar ábendinga stefnenda á árinu 2013 hafi verið lagt nýtt malarlag yfir bílastæðið og við það hafi verulega dregið úr foki, en í þurrkatíð „í sumar“ hafi fokið meira úr mölinni, en stefndi muni gæta að því að binda það eftir því sem kostur væri.

Með tölvupósti heilbrigðiseftirlitsins 4. júní 2019 til bæjarstjóra stefnda var þeim tilmælum beint til stefnda að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna sandfoks yfir heimili stefnenda. Kvörtun stefnenda væri réttmæt, og var vísað til 18. gr. reglugerðar nr. 940/2002 um hollustuhætti, um að eigandi mannvirkis skuli halda eigninni snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð, þannig að það valdi ekki öðrum ónæði. Í svarpósti bæjarstjóra 21. júní 2019 kemur fram að í þurrkatíð að undanförunu hafi verið reynt að koma í veg fyrir sandfjúk af bílaplaninu með því að bleyta svæðið.

Af gögnum málsins er ekki annað upplýst en að til hafi staðið að malbika bílastæðið, en það hafi dregist allt til haustsins 2019 tengt fjárhag bæjarins. Þá verður af gögnum málsins ráðið, einkum myndum og myndskreiði sem tekið var 5. júní 2019, að töluvert sandfok hafi verið frá bílastæðinu yfir Austurveg og að lóð stefnenda.

Í deiliskipulagstillögu þeirri sem liggur fyrir í málinu, og tekur til þess svæðis sem Hópið og bílastæðið nær yfir, segir í kafla 3.5: „Frágangur lóðar skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.“ Í gr. 6.2.2 í þeirri reglugerð segir eftirfarandi: „Í þéttbýli skal frágangur bílastæða vera með þeim hætti að yfirborð þoli það álag sem þar verður og að mól eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu. Hentug efni geta verið ýmsar gerðir af bundnu slitlagi, hellulögn, sérstyrkt gras eða annað sambærilegt efni, sé ekki kveðið á um annað í deiliskipulagi.“ Ekki er að sjá að kveðið sé á um ákveðið yfirborðsefni í bílastæðinu í deiliskipulagi, og verður því að ganga út frá því að frágangi þess skuli hagað með þeim hætti að þar sé fast yfirborð, og lágmarkskrafan sé að yfirborðið þoli ætlað álag þannig að ekki fjúki úr því.

Af framangreindu röktu þykir nægilega sannað að í mörg ár hafi ítrekað fokið sandur og möl úr bílastæðinu yfir Austurveg og yfir á lóð stefnenda. Stefndi Grindavíkurbær var eins og fram er komið grandvís um sandfokið og reyndi að grípa til aðgerða, svo sem með nýju malarlagi á árinu 2013, sem hafi ekki leyst vandann til lengdar, enda hafi á verstu þurrkatímabilum frá þeim tíma og til ársins 2019 þurft að bleyta upp í bílastæðinu til varnar sandfoki. Þá er ekki annað leitt í ljós en að sandfokið hafa verið sýnu mest yfir á lóð stefnenda, án þess að séð verði að bærinn hafi reynt að grípa til einhverra sértækra aðgerða um það sandfok eða að greina orsök þess. Með grandsemi sinni og athafnaleysi, sem jafna má við gáleysi, sýndi stefndi Grindavíkurbær af sér saknæma og ólögmæta háttsemi gagnvart stefnendum.

Stefnandi Fanndalslagnir ehf. byggir á því að tjón hafi orðið á ökutækjum vegna sandfoksins. Í matsgerð málsins voru skoðuð ökutækin YG416, JGV63, OFL95 og LEA57. Mátu matsmenn það svo að tjón vinstra megin á fyrstu þremur ökutækjunum hafi mátt skýra með því að þeim var iðulega lagt samkvæmt akstursstefnu á Austurvegi, með vinstri hliðina að bílastæðinu við Hópið, en tjón á afturenda bifreiðarinnar LEA57 hafi orsakast af því að henni hafi verið lagt í innkeyrslu, og afturendinn snúið að bílastæðinu. Mátu matsmenn það svo að ummerki á lakki á þeim hliðum er snéru að bílastæðinu yrðu aðeins skýrð af sandfoki, og að tjón stefnenda næmi samtals 2.039.285 krónum. Ekki voru gerðar athugasemdir við það hvernig staðið var að mati á þeim ökutækjum, og matsgerðinni hvað nefnt tjón varðar hefur ekki verið hnekkt.

Dómurinn telur aftur á móti að svonefnt „viðbótarmat“ á ökutækjunum RBM86 og SA504 að fjárhæð 617.889 krónur geti ekki gegn mótmælum stefndu talist lögfull sönnun á meintu tjóni. Virðist sem mat á þeim ökutækjum hafi farið fram með þeim hætti að stefnendur hafi sett sig í samband við annan dómkvaddan matsmann málsins og hann hafi skoðað og metið meint tjón á þeim ökutækjum á svipuðum tíma og fyrrgreint mat fór fram, án vitneskju stefndu, og því án möguleika þeirra að tjá sig um framkvæmd þess, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991, jafnframt því sem það mat fór fram án vitneskju hins dómkvadda matsmannsins. Þrátt fyrir nefnda annmarka á „viðbótarmatinu“ hefur ekki verið bent á nein þau atriði, svo sem um möguleg vina- eða ættartengsl, að það ætti að hafa áhrif á sönnunargildi matsgerðarinnar sjálfrar, og það þótt matsmaður hafi innheimt matskostnað þessa í einu lagi. Sú staðreynd að sami matsmaður hafi farið á vettvang að Austurvegi 22, vegna sérstakra aðstæðna tengt sandfoki sem þá hafði átt sér stað, getur

heldur ekki leitt til þess að matsgerðin hafi ekki sönnunargildi um mat á tjóni á fyrrgreindum fjórum ökutækjum að mati dómsins.

Stefndu byggja á því að ekki liggi fyrir sönnun þess að tjón hafi orðið af atvikum er stefndi Grindavíkurbær beri ábyrgð á, enda komi fram í niðurstöðu matsgerðar að matsmenn telji að sandur og ryk hafi fokið úr bílaplaninu á ökutæki og fasteign stefnenda. Ekki liggi því fyrir lögfull sönnun í málinu, heldur ágiskun matsmanna. Þá byggja matsmenn matið á sandfoki sem varð vegna þess að tímabundið hafi verið geymdur sandur á bílastæðinu eftir að malbikað var.

Líkt og gat um að framan telst fram komin sönnun þess að sandur hafi fokið af bílastæðinu við Hópið um árabíl áður en malbikað var, sem stefndi Grindavíkurbær beri ábyrgð á. Breytir þá engu þótt matsmenn telji sig ekki hafa sönnun þess undir höndum, en telji þó líklegt að sandfok hafi orðið vegna þess sandfoks sem þeir urðu áskynja. Þá er fram komið að ummerki á lakki á þeim hliðum ökutækjanna er snéru að bílastæðinu yrðu aðeins skýrð af sandfoki, og hefur því ekki verið hnekk.

Af hálfu stefndu er einkum á því byggt að kröfur stefnenda séu fyrndar.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda segir að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða stefnendum bar að afla sér slíkra upplýsinga.

Í fyrrgreindu bréfi stefnenda til stefnda Greindavíkurbæjar 6. ágúst 2015 kemur fram að stefnendur hafi orðið fyrir eignatjóni. Nánar segir: „... bifreiðar í okkar eigu og fyrirtækis okkar hafa orðið fyrir sandblæstri ...“ Þá segir í lok bréfsins: „... við erum þegar búin að ræða við heilbrigðiseftirlitið og er lögfræðingur okkar búinn að kynna sér málið og taka myndir af skemmdunum.“ Ekki er nánar getið um hvaða bifreiðar höfðu orðið fyrir tjóni, en upplýst er í málinu að um hafi verið að ræða sömu bifreiðar og getur um í matsgerð, að frátöldu ökutækinu LEA57, sem hafi verið keypt á árinu 2018.

Af framangreindu verður ráðið að stefnendur hafi sem tjónþolar búið yfir þeirri vitneskju um tjón og tjónvald, að þeim hefði verið fært að leita fullnustu kröfu sinnar í skilningi 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 þegar í ágúst 2015. Ekki er hægt að fallast á þá skýringu stefnenda að tjónið hafi komið smátt og smátt eða að um viðvarandi ástand hafi verið að ræða og því geti fyrning ekki komið til greina, enda geta slík viðmið eingöngu átt við um líkamstjón en ekki munatjón að mati dómsins. Hafi bifreiðarnar þegar verið sandblásnar á árinu 2015, líkt fram kemur í bréfi stefnenda, þá var tjónið þegar orðið og

úrbætur þess tjóns hefðu kallað á sprautun bifreiðanna með sama hætti og getur nú um í matsgerð. Eins og gat um tók fyrningarrestur er varðar tjón á bifreiðunum YG416, JGV63 og OFL95 að líða í ágúst 2015 og fyrndist sú krafa því í síðasta lagi í ágúst 2019. Breytir hér engu þótt stefnendur beri að hafa ekki fengið svarbréf stefnda Grindavíkurbæjar, dagsett 19. ágúst 2015, sem stefnendur lögðu sjálf fram með stefnu málsins. Um meint tjón á ökutækjunum RBM86 og SA504, sem fyrir gat um varðandi svonefnt „viðbótarmat“, er ekki annað fram komið en að þau hafi einnig verið í eigu stefnenda í ágúst 2015, og eiga því jafnframt við sömu forsendur um þau hvað fyrningu varðar.

Um tjón á bifreiðinni LEA57, að fjárhæð 419.976 krónur, þá var upplýst að stefnendur keyptu þá bifreið á árinu 2018, og eins og fram er komið var bílplanið ekki malbikað fyrr en haustið 2019. Um kaup eða eignatíma bifreiðarinnar er ekki getið í stefnu en því var ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefndu. Verður því að ætla að krafa tengd bifreiðinni LEA57 sé ekki fyrnd. Þá er því hafnað að tómlæti eigi við um innheimtu kröfunnar, enda var tjón stefnenda ítrekað með bréfum lögmanns stefnenda í ágúst og september 2019, matsbeiðni lögð fram í nóvember 2020, matsgerð í júní 2021, og málið höfðað í mars 2022. Þar sem um munatjón er að ræða á bifreiðinni LEA57 bera stefndu skaðabótaábyrgð á því tjóni in solidum, enda tekur ábyrgðartrygging stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. til þess tjóns. Þar sem bifreiðin er skráð í eigu stefnanda Fanndalslagna ehf. getur hann innskattað þá fjárhæð, og því ber að draga frá bótafjárhæðinni virðisaukaskatt, sem tilgreindur er í gögnum málsins að fjárhæð 81.286 krónur. Nemur tjón stefnanda Fanndalslagna ehf. því 338.690 krónum.

Stefnendur Jón og Ingibjörg gera fjárkröfu að fjárhæð 29.386.000 krónur, vegna þrifa innan- og utanhúss. Byggist krafan á vottorðum frá Veðurstofu Íslands, þar sem tilteknir eru dagar og/eða tímabil frá 26. janúar 2012 til 21. október 2019. Telja stefnendur að þau hafi þurft að þrifa innanhúss hvern dag sem veður var með þeim hætti sem í vottorðunum greinir, samtals 287 daga, en utanhúss hafi þurft að þrifa eftir hvern dag eða samfellda törn ef veður hafi verið með þeim hætti sem í vottorðum greinir, samtals í 168 skipti. Miðist fjárkrafan að öðru leyti við þær fjárhæðir sem matsmenn mátu sem kostnað við þrif. Þá krefjast stefnendur Jón og Ingibjörg miskabóta sér til handa að álit dómsins.

Um þá kröfu er snýr að þrifum á fasteigninni þá verður með engum hætti ráðið af framlögðum gögnum frá Veðurstofunni hvenær sandfok varð, eða hvaða skilyrði hafi

nánar ráðið því að sandfok varð, svo sem lágmarks vindstyrkur. Vottorðin upplýsa ekki hvort frost, snjór eða raki hafi verið í eða á jörðu umrædda daga eða áður en þau veðurskilyrði sem stefnendur byggja á urðu þannig að sandur og möl hafi ekki getað fokið, eða hvort stefndi Grindavíkurbær hafi á verstu þurrkatímabilum verið búinn að bleyta upp í bílplaninu. Ósannað er því að mati dómsins að sandfok hafi orðið í öll þau skipti sem krafan byggist á. Þá liggja engin gögn fyrir um kostnað stefnenda af þrifum.

Með sama hætti og gat um að framan um fyrningu þá fyrnist krafa um bætur vegna þrifa á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því. Stefndi Grindavíkurbær hefur ekki á neinum tíma fallist á að greiða fyrir þrifin, og verður að mati dómsins að miða mögulegt tímabil þessa við það þegar krafa stefnenda um greiðslu bóta var sett fram 19. ágúst 2021. Krafa um kostnað vegna þrifa getur því aldrei tekið yfir lengra tímabil en frá 19. ágúst 2017 og þar til bílplanið var malbikað, að ætlað verður 21. október 2019, eða í 26 mánuði. Sjónarmið um tómlæti eiga ekki við með sama hætti og fyrr gat um kröfur vegna tjóns á ökutækjum.

Eins og fram er komið þykir sannað að sandfok hafi orðið frá bílastæðinu við Hópið og yfir fasteign og ökutæki stefnenda. Í matsgerð segir að matsmenn geti ekki staðfest að skemmdir hafi orðið á húsinu en sandur og ryk hafi kallað á aukna vinnu við þrif. Þótt framangreind vottorð frá Veðurstofu Íslands sanni ekki hvenær sandfok varð, þá verður ætlað að í ótilgreind skipti hafi stefnendur þurft að þrifa vegna þessa, en örðugt sé um sönnun á raunverulegu tjóni þess. Þykir eins og hér er ástatt því mega meta það tjón að álitum. Sé við það miðað að þrifa hafi þurft einu sinni í mánuði innan- og utanhúss vegna sandfoks, þá nemur bótakrafan að teknu tilliti til kostnaðar í matsgerð 3.406.000 krónum. Með vísan til þess að sönnuð þykir saknæm háttsemi samkvæmt framangreindu, ber stefndi Grindavíkurbær ábyrgð á því tjóni.

Í skilmála stefnda Sjóváar um frjálssar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur nr. 130 kemur fram að tryggingin bæti líkams- og/eða eignatjón sem vátryggður valdi þriðja manni, enda sé hinn vátryggði bótaskyldur fyrir því tjóni. Ósannað er í málinu að eignatjón hafi orðið á fasteign stefnenda, og órökstutt er að öðru leyti af hálfu stefnenda hvernig ábyrgðartryggingin nái yfir bótakröfu sem tengist þrifum fasteignarinnar. Verður stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. því sýknaður af kröfu stefnenda um þennan þátt málsins.

Um miskabótakröfu stefnenda Jóns og Ingibjargar liggja engin gögn fyrir. Ekki er um að ræða líkamstjón, og þá verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum málsins að

ástæða þess að stefndi Grindavíkurbær sinni því ekki að koma í veg fyrir sandfok af bílastæðinu hafi tengst persónu stefnenda með einhverjum hætti heldur fjárhag bæjarins, eða að vegið hafi verið að frelsi, friði eða æru stefnenda, eða að önnur ómálefnaleg sjónarmið tengd mismunun milli aðila hafi ráðið för. Þá er fram komið að saknæma háttsemi stefnda Grindavíkurbæjar megi rekja til gáleysis eða hirðuleysis um það sandfok sem varð. Getur framangreint því ekki leitt til þess að stefnendur eigi rétt á miskabótum í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og verða stefndu því sýknaðir af þeirri kröfu.

Með vísan til alls framangreinds hefur verið fallist á aðalkröfu stefnanda Fanndalslagna ehf., með þeim hætti að stefndu Grindavíkurbær og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. beri sameiginlega ábyrgð á tjóni á bifreiðinni LEA57, samtals 338.690 krónur. Um viðmið dráttarvaxta liggur ekki fyrir hvenær hið bótaskylda atvik varð, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001, og verður um upphaf dráttarvaxta því litið til 9. gr. sömu laga, og reiknast dráttarvextir frá 19. september 2021 til greiðsludags. Stefndu eru sýkn af kröfum er varða ökutækin YF416, JGV63, OFL95, RBM86 og SA504, og koma varakröfur um viðurkenningu skaðabóta því ekki til frekari skoðunar.

Stefndi Grindavíkurbær greiði stefnendum Jóni Fanndal og Ingibjörgu Marín 3.406.000 krónur vegna þrifa samkvæmt aðalkröfu stefnenda. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og gat um kröfur Fanndalslagna ehf. frá 19. september 2021 að telja. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er sýkn af kröfu stefnenda um þá kröfu. Koma varakröfur um viðurkenningu skaðabóta því ekki til frekari skoðunar. Stefndu eru sýkn af miskabótakröfu stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar.

Með vísan til úrslita málsins og, 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda Grindavíkurbæ gert að greiða stefnendum málskostnað, sem hæfilegur þykir eins og í dómsorði greinir, og að teknu tilliti til þess að framlögð matsgerð hafi einungis að litlu leyti nýst við úrlausn málsins.

Með vísan til úrslita málsins, 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir rétt að málskostnaður á milli stefnenda og stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. falli niður.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ásmundi Ingvarssyni verkfræðingi og Reyni Erni Harðarsyni bílasprautara.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Dómsorð:**

Stefndu, Grindavíkurbær og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda Fanndalslögnum ehf. sameiginlega 338.690 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 19. september 2021 að telja til greiðsludags.

Stefndi Grindavíkurbær greiði stefnendum Jóni Fanndal Bjarnþórssyni og Ingibjörgu Marín Björgvinsdóttur 3.406.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 19. september 2021 að telja til greiðsludags.

Stefndi Grindavíkurbær er sýkn af miskabótakröfu stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er sýkn af öllum kröfum stefnenda Jóns Fanndals og Ingibjargar Marínar.

Stefndi Grindavíkurbær greiði stefnefndum sameiginlega 2.480.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður milli stefnenda og stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. fellur niður.

Bogi Hjálmtýsson

Ásmundur Ingvarsson

Reynir Örn Harðarson